



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudaginn 12. nóvember 2007

Fundur haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 12. nóvember 2007 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Þórður Pálsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann ritaði einnig fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskráliður 1.

Heiðar Kristjánsson kt. 260139-2239, Holtabraut 14 óskar eftir að fá ljósastaur færðan eða fjarlægðan. Ljósastaurinn er við innkeyrslu að húsinu Holtabraut 14, Blönduósi. Af þessum staur stafar nokkur hættu þegar bakkað er út úr innkeyrslunni og hafa þegar orðið óhöpp af þessum sökum. Stutt er í götuljós til beggja hliða og auka mætti lýsingu á þessu svæði með útiljósi á húsinu (Holtabraut 14).

Afgreiðsla:

Erindinu er hafnað.

Dagskráliður 2.

Sigurður Jóhannesson kt. 140167-3049, sækir um leyfi til að rífa húsið að Aðalgötu 15 Blönduósi. Samkvæmt fasteignamati er húsið byggt 1946 og fellur því utan laga um vernd gamla húsa.

Afgreiðsla:

Sigurður vísar af fundi. Erindið er samþykkt með fyrirvara um að allt sé fjarlægt, gengið frá lóðinni og að gjöld séu greidd.

Dagskráliður 3.

Þorleifur Páll Ólafsson kt. 190168-3369, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við hús sitt að Holtabraut 8, Blönduósi.

Afgreiðsla:

Erindinu er frestað þar sem teikningar eru ekki í samræmi við byggingareglugerð.

Dagskráliður 4.

Eiríkur Ingi Björnsson kt. 300656-5509 og Guðmundur Sigfússon kt. 121063-4099 sækja um leyfi fyrir stækkun á hesthúsi sínu að Arnargerði 27 samkvæmt teikningum. Uppbygging stækkunar er sama uppbygging og á gamla húsinu. Brunaveggur er á húsinu nr. 29 við Arnargerði á mótviðbyggingu.

Afgreiðsla:

Erindið er samþykkt með fyrirvara um að fjöldi hrossa sé samkv. reglugerð, að skráningartafla berist og gjöld séu greidd samkvæmt gjaldskrá Blönduóssbæjar.

Dagskráliður 5

Jóhannes Guðmundson kt. 181231-5489 sækir um leyfi fyrir breytingu á klæðningu hússins Blöndubýggð 6b, úr álklæðningu sem var samþykkt í bygginganefnd 15. mars 2006 í lárétta tréklæðningu (húsið hefur þegar verið klætt).

Afgreiðsla:

Erindinu er frestað þar til teikningar hafa borist.



Dagskráliður 6

Eftirfarandi lagt fram til kynningar:

- Kynning á bréfi skipulagsstofnunar um aðalskipulag Blönduós bæjar (Blönduós og Engihlíðarhreppur).
- Kynning á áhættuskoðun í lögregluumdæmun.
- Kynning á tilboði sem byggingafulltrúa barst frá Snertli ehf. verkfræðistofu um landupplýsingakerfi fyrir Blönduós bæ (http://hekla.snertill.is/blonduos_public/web).
- Málefni Aðalgötu 3, Blönduósi.
- Vatnsveitan, stutt yfirlit yfir verkefni ársins 2008.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:05.

Sigurður Jóhannesson
Ágúst Þór Bragason
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri
Stefán Árnason, byggingafulltrúi

Þórður Pálsson